

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 247/2021

frá 24. september 2021

um breytingu á XIII. viðauka við EES-samninginn (Flutningastarfsemi)

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“),
einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2012/34/ESB frá 21. nóvember 2012 um að koma á fót samevrópsku járnbrautarsvæði ⁽¹⁾, sem leiðrétt var í Stjttð. ESB L 67, 12.3.2015, bls. 32.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/2370 frá 14. desember 2016 um breytingu á tilskipun 2012/34/ESB um að opna markaðinn fyrir innlenda farþegaflutninga á járnbrautum og stjórnunarhætti fyrir járnbrautargrunnvirki ⁽²⁾.
- 3) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/171 frá 4. febrúar 2015 um tiltekna þætti verklagsreglna varðandi veitingu leyfa til járnbrautarfyrirtækja ⁽³⁾.
- 4) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/429 frá 13. mars 2015 um fyrirkomulag, sem fylgja skal, við innheimtu gjalda fyrir kostnað vegna áhrifa af völdum hávaða ⁽⁴⁾.
- 5) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/909 frá 12. júní 2015 um fyrirkomulag við útreikning á kostnaði sem fellur til beint vegna reksturs lestarþjónustu ⁽⁵⁾.
- 6) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/1100 frá 7. júlí 2015 um kvöð um skýrslugjöf aðildarríkjanna innan ramma vöktunar á járnbrautarmarkaðnum ⁽⁶⁾.
- 7) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/545 frá 7. apríl 2016 um

⁽¹⁾ Stjttð. ESB L 343, 14.12.2012, bls. 32.

⁽²⁾ Stjttð. ESB L 352, 23.12.2016, bls. 1.

⁽³⁾ Stjttð. ESB L 29, 5.2.2015, bls. 3.

⁽⁴⁾ Stjttð. ESB L 70, 14.3.2015, bls. 36.

⁽⁵⁾ Stjttð. ESB L 148, 13.6.2015, bls. 17.

⁽⁶⁾ Stjttð. ESB L 181, 9.7.2015, bls. 1.

málsmeðferð og viðmiðanir varðandi rammasamninga um úthlutun aðstöðu við járnbrautargrunnvirki (7).

- 8) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2177 frá 22. nóvember 2017 um aðgang að þjónustuaðstöðu og járnbrautartengdri þjónustu (8).
- 9) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1795 frá 20. nóvember 2018 um verklagsreglur og viðmiðanir til að leggja mat á efnahagslegt jafnvægi skv. 11. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2012/34/ESB (9).
- 10) Fella ber inn í EES-samninginn framselda ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2075 frá 4. september 2017 um að skipta út VII. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2012/34/ESB um að koma á fót samevrópsku járnbrautarsvæði (10).
- 11) Tilskipun 2012/34/ESB fellir úr gildi tilskipanir Evrópuþingsins og ráðsins 91/440/EBE (11) og 95/18/EB (12) og tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/14/EB (13), sem hafa verið teknar upp í EES-samninginn, og ber því að fella þær brott samkvæmt samningnum.
- 12) Framkvæmdarreglugerð (ESB) 2018/1795 fellir úr gildi framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 869/2014 (14), sem hefur verið tekin upp í EES-samninginn, og ber því að fella gerðina brott samkvæmt samningnum.
- 13) XIII. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það,

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

I. gr.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á XIII. viðauka við EES-samninginn:

1. Eftirfarandi kemur í stað texta 37. liðar (tilskipun ráðsins 91/440/EBE):

„32012 L 0034: Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2012/34/ESB frá 21. nóvember 2012 um að koma á fót samevrópsku járnbrautarsvæði (Stjtið. ESB L 343, 14.12.2012, bls. 32), sbr. leiðréttingar í Stjtið. ESB L 67, 12.3.2015, bls. 32, breytt með:

(7) Stjtið. ESB L 94, 8.4.2016, bls. 1.

(8) Stjtið. ESB L 307, 23.11.2017, bls. 1.

(9) Stjtið. ESB L 294, 21.11.2018, bls. 5.

(10) Stjtið. ESB L 295, 14.11.2017, bls. 69.

(11) Stjtið. ESB L 237, 24.8.1991, bls. 25.

(12) Stjtið. ESB L 143, 27.6.1995, bls. 70.

(13) Stjtið. ESB L 75, 15.3.2001, bls. 29.

(14) Stjtið. ESB L 239, 12.8.2014, bls.1.

- **32016 L 2370:** Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/2370 frá 14. desember 2016 (Stjtið. ESB L 352, 23.12.2016, bls. 1).

Ákvæði tilskipunarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

- a) Vísanir til 93. gr., 101. gr., 102. gr., 106. gr., 107. gr. og 108. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins orðast sem, 49. gr., 53. gr., 54. gr., 59. gr., 61. gr. og 62. gr. EES-samningsins, í þeirri röð.
- b) Ákvæði 3.-5. mgr. 14. gr. gildir gagnvart EFTA-ríkjunum að því leyti sem það varðar samninga milli þeirra ríkja og þriðju ríkja.
- c) Í 2. mgr. 40. gr. er „og Eftirlitsstofnun EFTA“ bætt við á eftir hugtakinu „framkvæmdastjórn“.
- d) Í 15. gr. er eftirfarandi málsgrein bætt við:

„7. Skyldan sem kveðið er á um í 5. mgr. gildir ekki gagnvart Liechtenstein að því leyti sem aðildarríki ESB hefur látið af hendi, að því er varðar tiltekið ár, gögn til framkvæmdastjórnarinnar sem taka til landsvæðis Liechtenstein. Hún skal gilda að því er varðar öll önnur gögn sem falla undir 5. mgr.“

- e) Í 1. mgr. 27. gr. er orðunum „eða, að því er varðar Noreg, norsku og opinbert tungumál Sambandsins“; bætt við á eftir orðunum „tveimur opinberum tungumálum Sambandsins“.

2. Eftirfarandi liðum er bætt við á eftir lið 37ai (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1304/2014):

„37aj. **32015 R 0171:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/171 frá 4. febrúar 2015 um tiltekna þætti verklagsreglna varðandi veitingu leyfa til járnbrautarfyrirtækja (Stjtið. ESB L 29, 5.2.2015, bls. 3).

37ak. **32015 R 0429:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/429 frá 13. mars 2015 um fyrirkomulag, sem fylgja skal, við innheimtu gjalda fyrir kostnað vegna áhrifa af völdum hávaða (Stjtið. ESB L 70 14.3.2015, bls. 36).

37al. **32015 R 0909:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/909 frá 12. júní 2015 um fyrirkomulag við útreikning á kostnaði sem fellur til beint vegna reksturs lestarþjónustu (Stjtið. ESB L 148, 13.6.2015, bls. 17).

37am. **32015 R 1100:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/1100 frá 7. júlí 2015 um kvöð um skýrslugjöf aðildarríkjanna innan ramma vöktunar á járnbrautarmarkaðnum (Stjtið. ESB L 181, 9.7.2015, bls. 1).

- 37an. **32016 R 0545:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/545 frá 7. apríl 2016 um málsmeðferð og viðmiðanir varðandi rammSAMninga um úthlutun aðstöðu við járnbrautargrunnvirki (Stjtið. ESB L 94, 8.4.2016, bls. 1).
- 37ao. **32017 D 2075:** Framseld ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2075 frá 4. september 2017 um að skipta út VII. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2012/34/ESB um að koma á fót samevrópsku járnbrautarsvæði (Stjtið. ESB L 295, 14.11.2017, bls. 69).
- 37ap. **32017 R 2177:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2177 frá 22. nóvember 2017 um aðgang að þjónustuaðstöðu og járnbrautartengdri þjónustu (Stjtið. ESB L 307, 23.11.2017, bls. 1).
- 37aq. **32018 R 1795:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1795 frá 20. nóvember 2018 um verklagsreglur og viðmiðanir til að leggja mat á efnahagslegt jafnvægi skv. 11. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2012/34/ESB (Stjtið. ESB L 294, 21.11.2018, bls. 5).“
3. Texti liðar 41b (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/14/EB) og 42a (tilskipun ráðsins 95/18/EB) fellur brott.
4. Texti liðar 42aa (framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 869/2014) fellur brott.

2. gr.

Texti tilskipana 2012/34/ESB, sbr. leiðréttingar í Stjtið. ESB L 67, 12.3.2015, bls. 32, og (ESB) 2016/2370, framkvæmdarreglugerða (ESB) 2015/171, (ESB) 2015/429, (ESB) 2015/909, (ESB) 2015/1100, (ESB) 2016/545, (ESB) 2017/2177 og (ESB) 2018/1795, og framseldrar ákvörðunar (ESB) 2017/2075, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, er gildur á íslensku og norsku.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 25. september 2021, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

(*) Stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

Gjört í Brussel 24. september 2021.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Rolf Einar Fife

formaður.

ÓOPINBER ÞÝÐING